

og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 63 8. maí 1951.

75

29. apríl

Atvinnumálaráðuneytið, 29. apríl 1953.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

76

30. apríl

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis“.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, skal á laugarlögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi, enn fremur á tímabilinu frá 30. september til 30. apríl skal loka á laugardögum eigi síðar en kl. 4 e. h.

Heimilt er á tímabilinu 1. maí til 30. september að hafa búðir opnar til kl. 7 e. h. á föstudögum.

3. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 67 frá 2. maí 1946, um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

77

1. maí

fyrir garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI

Tilgangur skólans, inntökuskilyrði og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjunemum sérfræðslu, bóklega og verklega. Enn fremur að gera ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðurhúsum.